

**65. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL 27. apríl
2023**

Þingskjal nr: 2023 – 01

Efni : Sundþing 2023- fyrra fundarboð

Ágætu félagar

Sundþing verður haldið í Reykjavík þann 27.apríl 2023, í húsakynnum ÍSÍ við Engjaveg.

Dagskrá verður send út síðar en áætluð tímasetning þingsins er frá kl 16:00, fimmtudaginn 27.apríl

Á sundþingi eiga fulltrúar sæti í samræmi við lög SSÍ:

- 1) Einn fulltrúi héraðssambands eða íþróttabandalags (1 frá hverju)*
- 2) Fulltrúar félaga í samræmi við iðkenda fjölda (2 fulltrúar fyrir fyrstu 30 iðkendur félags og 1 fyrir hverja 30 eða brot úr þeirri tölu eftir það)*
- 3) Fulltrúar félaga vegna keppenda (1 fulltrúi fyrir hverja 50 keppendur félags eða brot úr þeirri tölu)*

Framkvæmdastjóri sendir félögum og héraðssamböndum/íþróttabandalögum tilkynningu um fjölda hvers aðila fyrir sig og óskar eftir nafnalista frá þessum aðilum ekki síðar en tveimur vikum fyrir sundþing.

Félag þarf að hafa gert upp þjónustugjöld fyrir árið 2022 til að öðlast þátttökurétt á Sundþing.

Málefni og tillögur sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á sundþingi, skulu hafa borist framkvæmdastjóra SSÍ á ingibjorgha@iceswim.is fyrir 30.mars n.k.

Þetta er gert til að hægt sé að hefja umræðu og vinnu í kringum tillögurnar í tíma fyrir þingið.

Á þinginu verður kosið til formanns og fjögurra meðstjórnenda. Þess ber að geta að núverandi formaður og núverandi tveir meðstjórnendur gefa kost á sér til endurkjörs.

Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir þing, eða 30.mars n.k Fyrir hönd stjórnar SSÍ

Ingibjörg H Arnardóttir Framkvæmdastjóri SSÍ